


LISTAHÁTÍÐ HAFIN



Birgir Ísl. Gunnarsson borgarstjóri, sem er stjórnarformaður listahátíðar, flutti ávarp við opnunina.



Sinfóníuhljómsveit Íslands opnaði listahátíð með flutningi á frumsömdu verki, Athvarfi eftir Herbert H. Agústsson undir stjórn Páls A. Pálssonar. Höfundurinn (í miðrið) kom fram og sést hér þakka hljómsveitinni. Hljómsveitarstjórinn er til hægri og fjær sést einsöngvarinn Elfsabet Erlingsdóttir. Ljós. Ól. K. Mag.



Listakonurnar, sem viðstaddar voru opnun vefjarsýningarinnar, ásamt forstjóra Norræna hússins, Maj-Britt Innander, lengst til hægri. Aðrar eru Irma Kukkasjärvi frá Finnlandi, Vigdís Kristjánsdóttir, Nanna Hertoft frá Danmörku, Ásgerður Búadóttir og Hildur Hákonardóttir. Þær standa framan við teppi eftir norsku listakonuna Synnove Anker Aurdal. Aðrar, sem myndir eiga á sýningunni, eru Barbara Arnason og María Adlercreut frá Svíþjóð.



Forseti Íslands, Kristján Eldjárn, gengur í salinn í Háskólabíói, en hann flutti aðalræðuna við opnun listahátíðar.



Píanóleikarinn Jean-Bernard Pommier og fransk hljómsveitarstjórinn Alain Lombard komu til að stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands á mánudag. Hér eru þeir í móttöku fyrir þá í franska sendiráðinu ásamt Halldóri Laxness og sendiherra Frakka, de Latour Dejean.



Einsöngvarar mynduðu kór og sungu íslensk verk undir stjórn Garðar Cortes. Mátti þar þekkja marga kunna einsöngvara landsins, eins og sést á myndinni.



LISTAHÁTÍÐ
1974